

Hafnarfirði 19. mars 2018

Efni: Ierkið við Siggubæ

Í greininni „Trjárækt í Hafnarfirði“ sem birtist í Garðyrkjuritinu árið 1980 ritar Gísli Sigurðsson: „Heggurinn í garði Sigríðar Erlendsdóttur var gróðursettur árið 1913. Plantan var fengin frá Einari Helgasyni í Gróðrarstöðinni. Einnig fékk hún reyniviðarhrislur en þær hafa ekki dafnað vel. Það var ekki fyrr en 1926 að hún setti niður Ierkitréin, sem standa hvort sínum megin við gluggann á bænum.“

Þessi Ierkitré eru því 92 ára frá gróðursetningu og því með allra elstu trjám sem enn standa í bænum. Þetta er síberílerki (*Larix sibirica*). Tréin virðast ekki hafa þrífist sérlega vel. Það kemur svo sem ekki á óvart enda er Ierkitegund þessi illa aðlöguð að hafrænu loftslagi. Einnig eru tréin ofan á klöpp/kletti og gróðursett mjög nálægt húsinu svo rými fyrir rætur er af mjög skornum skammti. Ástand trjánna er því ekki gott en þau gætu svo sem lifað fleiri áratugi í viðbót ef því er að skipta en mér sýnist þó að átusveppir séu smám saman að ganga frá þeim.

Ég tók eftir því að annað tréið er ekki alveg eins þétt upp við húsið og hitt. Tréin og húsið skapa ákveðna heild. Tréin hafa lítið gildi ef húsið hverfur.

Ef til vill mætti safna fræi af trjánum og koma til en nokkuð er af könglum á trjánum. Ef til vill er það of seint og fræið fallið úr könglunum.

Það er alveg á hreinu að það er ógerningur að færa tréin lifandi og koma þeim fyrir annars staðar.

Virðingarfyllst

Steinar Björgvinsson

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar